



Fréttatilkynning

14 February 2024 13:25:00 GMT

Skýrslur Arion banka fyrir árið 2023

Arion banki hefur gefið út árs- og sjálfbærnisráskýrslu og áhættuskýrslu fyrir árið 2023. Skýrslurnar eru á rafrænu formi og aðgengilegar á vef bankans. Ársreikningur bankans fyrir árið 2023 var birtur 7. febrúar.

Auk umfjöllunar um þjónustu bankans, helstu verkefni og fjárhagsniðurstöður ársins 2023 inniheldur Árs- og sjálfbærnisráskýrsla Arion banka m.a. umfjöllun um mannauðsmál, umhverfis- og loftlagsmál, græn fjármál og sjálfbærniuppgjör í samræmi við GRI Standards og UFS leiðbeiningar Nasdaq. Samhliða útgáfu ársskýrslunnar gefur bankinn út sérstaka skýrslu um fjármagnaðan útblástur og markmið til ársins 2030. Þá gerir bankinn grein fyrir framvindu innleiðingar á meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrga bankastarfsemi, Principles for Responsible Banking (UN PRB). Deloitte hefur veitt álit með takmarkaðri vissu á upplýsingagjöf í tengslum við sjálfbærni.

[Árs- og sjálfbærnisráskýrsla Arion banka 2023](#)

Áhættuskýrsla bankans fjallar um helstu áhættuþætti Arion banka á ítarlegan hátt og er þar að finna greinargóðar upplýsingar um áhættu- og eiginfjárstýringu bankans. Auk þess er að finna upplýsingar um stjórnskipulag bankans með tilliti til áhættu sem og starfskjarastefnu. Skýrslan er gefin út ásamt upplýsingasniðmátum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) og ætti að lesast samhliða þeim.

[Áhættuskýrsla Arion banka 2023](#)

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, forstöðumanns fjárfestatengsla Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760 eða Haraldar Guðna Eiðssonar, forstöðumanns samskiptasviðs, haraldur.eidsson@arionbanki.is, s. 856 7108.

Viðhengi

[Skýrslur Arion banka fyrir árið 2023](#)